

EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI í Svartsengi Svartsengi, Grindavík



Dags eftirlits	30.4.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	CRI í Svartsengi	Fulltrúi UST	Ásgeir Björnsson
Heimili	Borgartún 27, Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	530306-0540	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Þórðarson, öryggis- og gæðastjóri	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Ormar Sigurbjörnsson	Staðsetning	329903,036 383317,415

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit, hvað varðar magn alkóhóls í frárennsli.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir gr. 2.3. í starfsleyfi hvað varðar mælingar á VOC-efnum í útblæstri og skilyrði í undanþágu frá Umhverfissráðuneytinu um að mæla skuli styrk VOC-efna í útblæstri og affalli frá verksmiðjunni innan 4 mánaða frá upphafi, eða eigi síðar en 15. mars 2012.

Mælingar voru gerðar þann 14. desember 2012 og búrast niðurstöður þeirra mælingar til stofnunarinnar með tölvupósti þann 17. desember 2012 þar sem fram kom að ekki mældust VOC-efni umfram greiningarmörk mælitækisins. Stefnt er að því að endurtaka þessar mælingar í kringum 20. maí 2013.

Farið var yfir gr. 2.8 í starfsleyfi þar sem kveðið er á um að rekstraraðili skuli innan 6 mánaða frá það að framleiðsla hefst, leggja fram tillögu að hreinsibúnaði. Mæla skal alkóhól í frárennsli. Mælingar hafa farið fram og sýna þær meira magn alkóhóls í frárennsli en ráð hafði verið gert fyrir, eða um 280ppm í stað 20ppm eins og áætlað hafi verið. Ekki eru til viðmið í íslenskum reglugerðum hvað varðar leyfilegan styrk alkahóls í affalsvatni og var því miðað við reiknaðar stærðir úr massajafnvægisreikningum hönnuða verksmiðjunnar. Rekstraraðili hyggst sækja um nýtt starfsleyfi vegna stækkunar verksmiðjunnar og verður beðið um endurskoðun þessa ákvæðis og þá m.t.t. þeirra mælinga sem gerðar hafa verið.

Farið var yfir ástandsskoðun og skoðunarskýrslur voru sendar eftirlitsaðila með tölvupósti þann 10. maí sl.

Rekstrarhandbók var skoðuð og verið er að útbúa betri möppu þar sem öll gögn verða tekin saman og tengist sú mappa ISCC vottun sem rekstraraðili er orðinn aðili að.

Verksmiðjan var skoðuð að innan sem utan en var framleiðsla ekki í gangi þegar eftirlit fór fram. Alls hefur verksmiðjan verið keyrð í 66 sólarhringa frá 10 febrúar.

Frávik frá

gr. 2.8 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Rekstraraðili skal eyða alkóhóli í frárennsli. Skv. bréfi frá Umhverfisstofnun frá 18.2.2013 er kveðið á um að styrkur alkóhóls í frárennsli skuli ekki fara yfir 20ppm. Styrkur mælinga var mun meiri, eða um 288ppm.

ATHUGASEMDIR

Skv. gr 2.3. í starfsleyfi skal mæla magn VOC-efna, einnig í affalli frá verksmiðjunni en í mælingum frá 14. des sl. er einungis mældur styrkur í útblásturslofti..


ANNAÐ

Rekstraraðili nýtir ekki lengur geymslutanka á Keflavíkurlflugvelli sem búið var að taka á leigu. Þess í stað er metanóli safnað saman í 20.000L söfnunartank sem stendur á steypu plani við verksmiðjuna. Undir planinu er söfnunarþró.

Affalsvatni er dælt í gamla borholu SV-01 og fara um 9.000L/klst af affals- og þynningarvatni niður í holuna. Af því eru um 80 L/klst óþynnt affalsvatn frá eimingunni. Einungis er dælt niður vatni þegar framleiðsla er í verksmiðjunni. Reykur/gufa sem berst frá verksmiðjunni inniheldur sömu efni og gufan frá virkjun HS orku í Svartsengi, enda er um sömu gufu að ræða.

Bent er á að vinnsla við nýtt starfsleyfi getur tekið allt að 8 mánuðum en rekstraraðili hyggst sækja um nýtt leyfi fyrir stækkun verksmiðjunnar.

Reykjavík, 16.05.2013



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.